



Lúxemborg, 13. maí 2024

FRÉTTATILKYNNING 06/2024

Dómur í máli E-8/23 *Trannel International Limited*

Greinarmunur á leyfakerfi og sérleyfissamningum um þjónustu tengda einkarétti á veðreiðum

Með dómi sem var kveðinn upp í dag, veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá héraðsdómi Ósló (*Oslo tingrett*) varðandi hugtakið sérleyfissamningur um þjónustu í tengslum við b-lið 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/23/ESB um gerð sérleyfissamninga (“tilskipunin”) og leyfakerfi sem falla ekki innan tilskipunarinnar.

Í málinu sem er til meðferðar hjá landsdómstólnum, óskar Trannel International eftir viðurkenningu á því að veiting einkaréttar til að bjóða upp á veðreiðar í Noregi, sem stofnunin Norsk Rikstoto hlaut, brjóti í bága við EES-rétt, einkum tilskipunina.

Með beiðni sinni um ráðgefandi álit, hefur héraðsdómur Ósló fyrst og fremst leitast eftir leiðsögn um það hvenær einkaréttur á veðmálastarfsemi skuli teljast hluti leyfakerfis sem falli utan gildissviðs reglna um opinber innkaup, og hvenær beri að líta á hann sem veitingu sérleyfissamnings um þjónustu í skilningi b-liðar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

EFTA-dómstóllinn taldi að til að skera úr um hvort veiting einkaréttar á veðreiðum til stofnunar sem skipulögð er líkt og Norsk Rikstoto feli í sér sérleyfissamning um þjónustu, verði að taka tillit til þess hvort rétturinn sé háður skriflegum samningi fjárhagslegs eðlis milli eins eða fleiri rekstraraðila og eins eða fleiri stjórnvalda, sem hefur að markmiði að gera sérleyfissamning um þjónustu, gegn endurgjaldi og til hagsbóta fyrir tiltekið stjórnvald, sem er lagalega bindandi fyrir báða aðila og megi framfylgja fyrir dómstólum. Á hinn bóginn eru leyfakerfi, sem veita rekstraraðila leyfi, ásamt því að kveða á um reglur og skilyrði fyrir framkvæmd starfseminnar, en rekstraraðilanum er ekki skylt að veita þjónustuna og ekki er hægt að knýja hann fyrir dómstólum til að veita hana, ekki innan gildissviðs tilskipunarinnar.

Enn fremur komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að gildistaka tilskipunarinnar breytti ekki muninum á sérleyfissamningum um þjónustu og leyfakerfum, og að hvorki sú staðreynd að hagnaðinum af starfseminni sé stjórnað af ríkinu með reglusetningu, né stjórnskipulag aðilans með einkaréttinn, hafi áhrif á mat á því hvort umrætt fyrirkomulag feli í sér sérleyfissamning um þjónustu.

Að lokum taldi EFTA-dómstóllinn það ekki hafa þýðingu fyrir undantekningu 1. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar að landslög sem einkarétturinn byggist á nefni ekki sérstaklega leyfishafann eða að stofnunin sem hefur verið veittur einkaréttur hafi einnig hlotið einkaréttinn óslitið samkvæmt eldri landslögum.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins : www.eftacourt.int

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.